

Skrá 24. Heyannir II

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins.

24. Spurningaskrá.

Inngangur.

Þessi spurningaskrá er hin fjórða, sem saman hefur verið tekin um heyannir. Spurningaskrá um orf, hrífu og ljá var send út 1963, spurningaskrá varðandi heygeymslur og frágang og hirðing heyja í heygörðum, heytóttum, heyhlöðum o.s.frv. var send út 1969 og spurningaskrá um flutningstæki og flutninga heys var send út 1970. Hér er um fjölþætt verkefni að ræða og enn ekki nema að litlu leyti kannað. Heyskaparhættir Íslendinga hafa gerbreyst á þessari öld svo sem alkunnugt er. Fjölmarginir muna þó enn aðferðir og orð gamallar heyvinnu, þótt sitthvað af því tagi falli líka eðlilega í fyrnsku frá ári til árs.

Í undirbúningi eru aðrar spurningaskrár varðandi heyannir (slátt, rakstur, hirðingu heys o.s.frv.), sem sendar verða út eftir því sem aðstæður leyfa.

Þjóðháttskráningin þakkar enn sem fyrr öllum aðstoðarmönnum sínum mikilsvert framlag til íslenskra þjóðfræða og væntir þess að njóta áfram hjá þeim sömu hjálpar og vinsemdar.

Heyvinnuföt.

Menn eru beðnir að lýsa klæðnaði heyvinnufólks við hin ýmsu störf og ýmsu aðstæður heyvinnu. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Var viss fatnaður einkum gerður til þess að nota við heyvinnu? Áttu karlmenn t.d. sérstakar hlífðarflíkur, heimaofnar, til að standa í við slátt? Hvað nefndust þær? Lýsið þeim. Áttu konur einnig sérstakar heimagerðar hlífðarflíkur til að vera í, er farið var á engjar eða er staðið var við verk í regni eða köldu veðri? Hvað nefndust þær? Lýsið þeim (efni, sniði o.s.frv.). Klæddust konur sérstaklega óvönduðum treyjum og pílsum, er heyjað var á votlendi (kastföt)? Lýsið þeim. Notuðu konur stytubönd, til að halda uppi pílsum, er gengið var á engjar eða staðið við verk á votengi? Lýsið þeim. Hvernig var engjafatnaði kvenna annars háttáð (hyna, pils, treyja o.s.frv.)?

Bundu karlmenn upp buxur, er þeir stóðu við slátt á votlendi? Hvað var það nefnt? Voru sérstakir sokkar þrjónaðir handa engjafólki (togsokkar t.d.)? Lýsið þeim. Voru sokkbolir (án framleista) þrjónaðir handa engjafólki? Hvað nefndust þeir? Lýsið þeim. Var algengt að fólk væri berfætt við heyverk?

Þekktist það, að karlmenn stæðu við slátt án ytri buxna (á nærbuxum), er gott var veður? Voru til strigaföt, sem verið var í við heyverk í góðu veðri?

Þekktist það, að skinnstakkar, skinnsockkar eða skinnbrækur væru notuð til hlífðar við sláttuverk, t.d. á votengi eða í regni? Hvenær var fyrst farið að klæðast olíubornum, vatnsheldum hlífðarfötum, er staðið var við sláttuverk í regni?

Lýsið höfuðbúnaði karla og kvenna við heyvinnu. Lýsið hirðingu skóplagga og sokka eftir vinnudag við heyverk. Hafði fólk ótru á að fækka við sig fötum, er staðið var í hirðingu heys og veður gerðist skúralegt eða regnlegt?

Segið frá öðru, sem varðar fatnað heyvinnufólks. Í spurningaskrá um orf, hrífu og ljá var vikið að vettlingum og hönskum heyvinnufólks, en þó væri ekki úr vegi að biðja menn að víkja nú að þeim í svörum.

Viti menn um, að einhversstaðar séu til ljósmyndir eða teikningar af þess konar klæðnaði eða af fólki í þeim, væri mjög æskilegt að fá um það vitneskju.

Matur, drykkur og matmálstímar.

Menn eru beðnir að lýsa sem best matarhæfi og matarvenjum sláttar (heyanna). Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Voru ákveðnar tegundir matar bundnar fremur við slátt en aðrar árstíðir? Hverjar? Á hverju byggðist það? Voru máltíðir fleiri daglega um slátt en utan sláttar

(þrímælt)? Lýsið þessu.

Hvað var til matar eða drykkjar, er sláttumenn fóru til sláttar að nóttu? Nefndist það nokkuð?

Hvað var veitt um fótaferð? Hvað nefndist það?

Hvernig skiptist dagurinn annars niður í matmálstíma (dagmál, hádegi, miðdag, nónn o.s. frv.)?

Hvað nefndist matmálstími nálægt dagmálum, og hvað var þá að jafnaði til matar eða drykkjar? Var það breytilegt?

Hvað nefndust veitingar um hádegi, og hverjar voru þær?

Var aðalmáltíð dagsins um nónn? Hvað nefndist hún? Hvað var þá tíðast til matar? Lýsið á hvern hátt þetta var breytilegt frá degi til dags ef um það var að ræða. Hvenær varð sú breyting, að miðdagsmatur færðist frá nónni eða nálægum tíma til hádegis (miðað við ártal ca.)? Var gefið miðaftanskaffi, t.d., er staðið var að hirðingu? Var brauð þá e.t.v. veitt með kaffi? Var e.t.v. meira haft við í mat og drykk, er fólk stóð í ströngu við hirðingu heys?

Hvenær var kvöldmatur borðaður? Nefndist hann nokkuð annað? Hvað var helst til matar að kvöldi? Var kvöldmatur aldrei borðaður, fyrr en heyrinnufólk kom frá vinnu að kvöldi?

Var um aukaveitingar að ræða utan vissra matmálstíma t.d. farið með áfir eða mjólk út í teiginn til sláttumanna?

Voru dæmi þess, að gefinn væri ákveðinn réttur matar, er eitthvert ákveðið verk var unnið á teig, t.d. slegin viss skák eða spilda í túni eða engjum, og bæri rétturinn þá nafn af slægjublettinum? Lýsið því hvernig heyrinnufólki var gert aðvart um matmálstíma, er það gekk heim til matar frá verki (kallað hóað, veifað, breitt á hús o.s.frv.). Hvað var þetta nefnt? Hafði heyrinnufólk nokkur ákveðin eyktamörk að fara eftir með það, er það átti að fara heim til matar eða ljúka verki að kvöldi? Lýsið hvíldartímum við kaffitíma og máltíðir. Þekkjast dæmi þess, að ekki væri sest niður til hvíldar, er drukkið var kaffi á teig?

Segið frá matarhæfi og máltíðum á sunnudögum um sláttinn. Hvað var þá einna helst til tilbreytingar frá matarhæfi á rúmhelgum dögum?

Að losa bæinn, að slá bæinn úr grasi.

Var einhver ákveðinn glaðningur í mat eða drykk veittur að launum fyrir það "að losa bæinn" þ.e. að slá allt umhverfis bæinn í byrjun sláttar? Lýsið því.

Töðugjöld.

Var ævinlega gerður dagamunur í mat eða drykk, er búið var að alhirða tún? Hvað nefndist þetta? Var það bundið við einhvern ákveðinn dag vikunnar, sunnudag t.d.? Voru veitingar þá hinar sömu frá ári til árs? Lýsið þeim. Á hvaða tíma dagsins voru þær fram bornar?

Slagi, slægjur.

Var fólk gerður dagamunur, er slætti var endanlega lokið? Hvað nefndist það? Var slátrað sauðkind fyrir það tækifæri? Var það nefnt eitthvað (að slátra í slægjurnar, slægnalambið t.d.)? Lýsið því. Hvað annað var þá haft til matar eða drykkjar í dagamun? Á hvaða tíma dagsins fram borið? Lýsið þessu.

Reiðver og ístöð.

Hafði heyrinnufólk og þeir, sem voru í milliferðum við færslu matar, sérstök reiðver til að nota í engjaferðum (gæruskinn, ullar- eða melþófar o.s.frv.)? Lýsið því? Hafði fólk þá einnig sérstök lausaistöð (engjaistöð) til að nota í þeim ferðum? Hvað nefndust þau? Lýsið þeim. Var hverjum ætlað ákveðið beisli og ákveðin hnapphelda til að nota um sláttinn? Hvernig svipur eða keyri höfðu menn til að nota í engjaferðum? Lýsið varðveislu þessara hluta milli nota og öðru, er efnið varðar.

Milliferðir.

Hvað nefndist starfið við að færa mat á engjar (fara á milli, snúast, milliferðir, færsludrengur, milliferðadrengur, snúningur o.s.frv.)? Nefndist hesturinn sem var í þeim flutningum, nokkuð sérstakt? Lýsið starfinu og segið frá verkalaunum.

Engjamatur.

Varð einhver breyting á mat og matarvenjum, er engjaheyskapur hófst og ekki varð farið heim í mat á matmálstímum? Voru t.d. ákveðnar tegundir matar fremur bundnar við fæði fólks um engjasláttinn en aðra tíma ársins (harðæti, brauð, súrmatur o.s.frv.)? Lýsið því.

Segið frá matarskömmtun á engjum. Hver annaðist hana?

Matar- og drykkjarilát engjafólks.

Lýsið ílát, sem skyr var fært í á engjar. Hvað nefndist það? Var það sameiginlegt fyrir allt fólkið, sem vann saman á enginu, eða átti hver maður sitt skyrilát á engjum (engjafötu)? Voru til mismunandi gerðir slíkra skyriláta? Lýsið því.

Hvenær var byrjað að nota innflutt ílát úr bliki til að færa í skyr á engjar? Borðaði engjafólkið sameiginlega úr skyrilátinu eða var skammtað í skálar eða diska? Átti þá hver maður sína skál eða sinn disk, sem hann þekkti eftir sérstakri merkinu? Segið frá spónum og skeiðum. Hvenær lagðist það niður að nota hornspæni eða tréskeiðar á engjum?

Vita menn dæmi þess, að ólekið skyr væri sett í sérstakan malpoka (þverbakspoka) og reitt á honum á engjar?

Mjólkurilát.

Í hverju var mjólk færð á engjar (kútur, flaska t.d.)? Lýsið ílátum og umbúnaði þeirra.

Blöndukútur, legill.

Lýsið ílátum, sem höfð voru undir sýrublöndu handa engjafólki og greinið nöfn þeirra.

Engjakassi, engjadallur.

Var sérstakur kassi til þess að reiða í mat á engjar (súrmatur, heitan mat t.d.)? Hvað nefndist hann? Lýsið gerð hans og stærð. Var hann notaður til einhvers annars utan sláttar?

Smjöröskjur, engjaöskjur.

Lýsið smjöröskju engjafólks ef um þær var að ræða, efni stærð og gerð. Voru smjöröskjur sameiginlegar fyrir engjafólk, eða átti hver maður sínar engjaöskjur, sem drepð var í dagskammti eða vikuskammti, og hve stór var þá skammturinn? Segið frá öðru feitmeti (viðbiti) engjafólks og umbúðum þess.

Kaffikútur, kaffibrúsi, kaffiflaska.

Segið frá kaffiílátum engjafólks. Hvernig var gengið frá þeim í flutningi? Hvernig var það notað?

Malpoki, þverbakspoki.

Áttu heimili yfirleitt þverbakspoka til að nota við færslu matar á engjar? Hvað nefndust þeir? Lýsið efni þeirra og gerð. Hvað var einkum reitt í þverbakspokum á engjar? Voru þeir notaðir til einhvers utan sláttar?

Kannast menn við orðtakið "að reiða vitið í þverbakspokum?"

Legið frá, viðlega.

Var heyjað svo fjarri býlum, að ekki væri komið heim að kvöldi frá heyverkum? Hvað var það

nefnt (viðlega að liggja við, liggja frá o.s.frv.)? Voru þá sérstök hús (beitarhús t.d.), sem legið var við í? Voru hústættur í slægjum eða í nánd þeirra, sem gert var yfir eða tjaldað yfir, er kom að engjaslætti? Lýsið því. Var legið við í tjöldum (engjatjöldum)? Lýsið þeim, efni, gerð og stærð. Var legið við í hellum (leguból)? Lýsið því.

Lýsið rúmstæðum eða sængurfletum í viðlegu. Lýsið sængurfatnaði í viðlegu.

Hvað var til lýsingar á kvöldum?

Voru viðlegustaðir engjafólks hinir sömu frá ári til árs? Nefndust þeir nokkuð?

Voru sérstök eldstæði eða hlóðir í viðlegustöðu engjafólks? Hvar var þeim komið fyrir? Lýsið þeim. Lýsið eldsneyti, öflun þess og flutningi.

Hvernig var heyskaparfólk gert út með mat og drykk í viðlegu? Voru sérstök ílát (skrínur t.d.) til þeirra flutninga? Var matur e.t.v. að einhverju leyti fluttur daglega til viðlegufólks? Hvaða matur? Lýsið þessu.

Hvenær var að jafnaði risið á fætur til verka að morgni í viðlegu? Lýsið hvíldartímum og verkalokum (hættum) að kvöldi.

Voru dæmi þess, að konur hefðu þrjóna sína með sér í viðlegu til að grípa í ef ekki varð staðið við verk vegna veðurs? Höfðu konur með sér nál og nálþráð í viðlegu að grípa til ef föt þörfnuðust viðgerða? Höfðu karlmenn með sér nokkur aukaverkefni af sömu eða öðrum ástæðum?

Hafði fólk nokkuð sér til skemmtunar, er sest var að á kvöldin í viðlegu (söngur, rímnakveðskapur, sögur, spil, töfl, þrautir)? Dvaldi viðlegufólk venjulega heima um helgar? Var þá e.t.v. hætt fyrr verkum á laugardagskvöldum en aðra daga? Lýsið því.